

15. apríl 2013
1303094

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 13. mars 2013 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning (heildarlög), 636. mál.

Helstu efnislegar breytingartillögur frumvarpsins snúa að bótum ellilífeyrisþega þar sem lagt er til að núverandi bótakerfi verði einfaldað og réttindi ellilífeyrisþega til greiðslna úr almannatryggingarkerfinu verði aukin með minni tekjutengingu. Slík breyting hefur kostnaðarauka fyrir ríkissjóð í för með sér upp á allt að 9 ma.kr. á ári þegar þær eru að fullu komnar fram árið 2017.

Allt frá árinu 2008 hefur ríkisstjórnin sett sér það markmið að fylgja eftir áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Það hefur að mestu gengið eftir fram til þessa. Í fjárlögum 2013 og í langtímaáætlun ríkisstjórnar til ársins 2016 er ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem fælist í samþykkt þessa frumvarps. Því myndi samþykkt þess setja áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum í nokkuð uppnám ef ekki er samhliða gripið til mótvægisáðgerða á gjalda- og/eða tekjuhlíð.

Forgangsröðun útgjalda er í eðli sínu pólitísk og tekur Seðlabanki Íslands ekki afstöðu til þess hvernig henni er háttað en leggja verður ríka áherslu á að núgildandi áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum gangi eftir.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur